

Byggðamálaráð

Fundargerð 4. fundar byggðamálaráðs

Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 3. maí 2019 kl. 14.00

Dagskrá:

1. Samþætting áætlana.
2. Byggðaaætlun 2018-2024. Staða og framkvæmd.
3. Árangursmælikvarðar byggðaaætlunar.
4. Sameiginlegur byggðamálaráðs, fjarskiptaráðs og samgönguráðs.
5. Önnur mál.

Mættir: Ágúst Bjarni Garðarsson, formaður, Aðalsteinn Þorsteinsson, Ingveldur Ása Konráðsdóttir, Karl Björnsson, Hermann Sæmundsson, Sigtryggur Magnason og Hólmfríður Sveinsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Hanna Dóra Hólm Másdóttir.

Gestir: Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar og Björn Helgi Barkarson, sérfræðingur í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og fulltrúi í stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál.

Formaður setti fundinn og bauð gesti velkomna.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Samþætting áætlana

Ásdís Hlökk og Björn Helgi mættu á fundinn til að ræða um samþættingu áætlana og þá fyrst og fremst mögulega samþættingu skipulagsáætlana, landsskipulagsstefnu, byggðaaætlunar og sóknaráætlana landshluta. Góðar og gagnlegar umræður urðu um málið. Fundarmenn sammála um að mikil tækifæri fælust í aukinni samþættingu og að sameiginlegir hagsmunir liggja að baki skipulags- og sóknaráætlunum. Fram kom að landsskipulagsstefna og byggðaaætlun vísi að mörgu leyti í sömu átt. Sem dæmi var nefnt að ein af áherslum byggðaaætlunar er að „sveitarfélög á hverju svæði sóknaráætlana verði hvött til samstarfs um gerð svæðisskipulags til að marka sameiginlega stefnu um málefni sem varða sameiginlega hagsmuni innan landshlutans. Sveitarfélögin eru jafnframt hvött til að skilgreina meginkjarna í hverjum landshluta og vinnusóknar- og þjónustusvæði þeirra.“ Í landsskipulagsstefnu snýr aðgerð 3.1.1 að því að skilgreina meginkjarna en þar segir að „við skipulagsgerð sveitarfélaga og gerð sóknaráætlana landshluta verði skilgreindir meginkjarnar í hverjum landshluta og vinnusóknar- og þjónustusvæði þeirra. Uppbyggingu, þar á meðal samgangna, verði hagað þannig að hún sé til þess fallin að styrkja kjarnana sem sjálfbæra burðarása viðkomandi nærsamfélags.“

Fram kom sú hugmynd að gerð yrði tilraun í einum landshluta þar sem landshlutasamtökunum og sveitarfélögum þeirra verði falið að móta eina heildstæða svæðisáætlun sem tæki mið af öðrum opinberum áætlunum. Slík tilraun þarf ekki að vera mjög kostnaðarsöm, en gæti varpað ljósi á mögulegar hindranir sem kunna að standa í vegi fyrir þesskonar heildar samþættingu.

Gestir yfirgáfu fundinn kl. 15.00.

Byggðamálaráð

2. Byggðaaáætlun 2018-2024. Staða og framkvæmd

Verkefnisstjóri greindi frá því að staða og framkvæmd byggðaaætlunar væri almennt góð, en í júní er ár liðið frá samþykkt áætlunarinnar. Upplýsingar um hverja aðgerð eru komnar á vef ráðuneytisins.

Upplýst var að fram hefur komið ósk um tilfærslu á fjármagni milli tveggja aðgerða sem tilheyra sama málaflokki og sama ábygðar- og framkvæmdaaðila. Fundarmenn sammála um að fara þurfi varlega í slíkar tilfærslur og að gild rök þurfi að vera að baki og að leitast verði við að gera slíkar breytingar í sátt við haghafa.

3. Árangursmælikvarðar byggðaaætlunar

Samkvæmt starfsáætlun byggðamálaráðs er áætlað ráðið taki í haust til umfjöllunar árangursmælikvarða byggðaaætlunar og meti hvort ástæða sé til að leggja til breytingar á þeim. Í byggðaaætlun eru sett fram þrjú markmið og sex árangursmælikvarðar, tveir við hvert markmið:

A. Jafna aðgengi að þjónustu

- Hlutfall heimila/fyrirtækja í dreifbýli með aðgang að ljósleiðaratengingu.
- Hlutfall þeirra sem eru í innan við 30 kílómetra fjarlægð frá heilsugæslustöð, grunnskóla og dagvöruverslun.

B. Jafna tækifæri til atvinnu

- Atvinnuþátttaka og meðalatvinnutekjur á atvinnugreinasvæðum.
- Fjöldi starfa í ráðuneytum og stofnunum skilgreindur „án staðsetningar“.

C. Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land

- Framfærsluhlutfall.¹
- Lýðfræðilegir veikleikar.²

Árangursmælikvarðarnir voru kynntir og mun ráðið taka þá til umfjöllunar í haust.

4. Sameiginlegur byggðamálaráðs, fjarskiptaráðs og samgönguráðs.

Samkvæmt starfsáætlun byggðamálaráðs er áætlað að fimmti fundur ráðsins verði sameiginlegur með fjarskiptaráði og samgönguráði, þar sem meðal annars verði rætt um samþættingu þessara þriggja áætlana. Byggðamálaráð leggur til að fundurinn verði haldinn föstudaginn 18. október 2019 kl. 14.00. Verkefnisstjóra falið að leggja til þennan fundartíma við verkefnisstjóra fjarskiptaráðs og samgönguráðs.

5. Önnur mál

Vakin var athygli á að drögum að grænbók, stefnu um málefni sveitarfélaga hefur verið sett í samráðsgátt Stjórnarráðsins. Umsagnafrestur er til 3. júní nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.25.

¹ Framfærsluhlutfall: Hlutfallsfjöldi íbúa í aldurhópi 0–14 ára og 65 ára og eldri af fjölda í aldurhópi 15–64 ára..

² Lýðfræðilegir veikleikar: Landshluti er metinn í áhættuferli ef vergt fæðingarlutfall er lægra en 11%, vergt dánarlutfall er hærra en 10%, hlutfall brottfluttra 0% og hlutfall kvenna er lægra en 95% í aldurhópi 15–64 ára. Auk þess er mið tekið af hlutfallsfjölda allra aldursflokka